

**Nd.**

**564. Nefndarálit**

um frv. til l. um vernd barna og ungmenna.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. þetta mjög ýtarlega, rætt það á mörgum fundum og fengið um það álitserð barnaverndarráðs Íslands.

Í frv. þessu, sem flutt er af hæstv. ríkisstjórn, er steipt saman í einn lagabálk lögum nr. 43 frá 1932, um barnavernd, lögum nr. 76 frá 1933, um breyting á þeim lögum, og lögum um ungmennadóm, eftirlit með ungmennum o. fl., nr. 62 frá 1942. Eru lög þessi samræmd, auk þess bætt inn í frv. fjölda nýmæla og hin eldri ákvæði gerð ýtarlegri.

Allshn. hefur að lokinni athugun orðið ásátt um að mæla með samþykkt frv., sem hún telur á marga lund til mikilla bóta. Hins vegar ber hún fram allmargar breytingartillögur, er hér fara á eftir, og eru þar bæði efnis- og orðabreytingar. Hefur nefndin tekið upp flestar þær tillögur, er barnaverndarráð sendi nefndinni. Auk þess bærust nefndinni nokkrar brtt. frá hæsty. dómsmrh., og tekur nefndin þær allar upp.

Að öðru leyti verða brtt. n. nánar skýrðar í framsögu við 2. umr. málsins.

Einstakir nefndarmenn áskilja sér rétt til að flytja og fylgja öðrum brtt. Sérstaklega tekur Áki Jakobsson það fram, að hann vilji láta breyta ákvæðum um verk-svið ungmennadóms o. fl. og mun leggja fram brtt. þar að lútandi og gera grein fyrir þeim.

#### BREYTINGARTILLÖGUR.

1. Við 1. gr. Á eftir „fávítahælum“ í 4. tölul. komi: fyrir börn og ungmenni.
2. Við 4. gr. Aftan við gr. bætist: Þó getur hreppsnefnd eða barnaverndarráð ákveðið, að sérstök barnaverndarnefnd skuli kosin.
3. Við 6. gr.
  - a. Í stað 1. másl. fyrri málsgr. kemur: Bæjarstjórn í kaupstað kýs barnaverndarnefnd, í Reykjavík 7 manna, í öðrum kaupstöðum 5 manna. Ef kjósa skal barnaverndarnefnd utan kaupstaða (sbr. 4. gr.), skal hún skipuð 3 mönnum og valin af hreppsnefnd.
  - b. Í stað „reglu“ í 3. másl. sömu mgr. komi: reglum.
  - c. 2. mgr. falli brott.
4. Við 10. gr.
  - a. Í stað „samkvæmt tillögum“ í 2. mgr. komi: að fengnum tillögum.
  - b. 3. mgr. orðist svo:

Barnaverndarnefnd utan Reykjavíkur er heimilt, með samþykki bæjarstjórnar eða hreppsnefndar, að ráða sér fulltrúa og annað starfsfólk.
5. Við 12. gr. 1. mgr. orðist svo:

Ráðherra skipar barnaverndarráð til 4 ára í senn. Skal það skipað 3 mönnum og eiga heima í Reykjavík. Einn skal skipaður samkvæmt tillögu Prestafélags Íslands, annar samkvæmt tillögu Sambands íslenskra barnakennara, en hinn þriðja skipar ráðherra án tilnefningar, og er hann formaður ráðsins, en að öðru leyti skiptir ráðið með sér störfum. Á sama hátt skulu skipaðir jafnmargir varamenn. Ritari heldur fundabók um störf ráðsins.
6. Við 13. gr. 1. mgr. orðist svo:

Ungmennadóm skipa héraðsdómari (í Reykjavík sakadómari) ásamt tveimur samdómendum, er ráðherra skipar til 4 ára í senn. Á sama hátt skal skipa tvo varamenn. Héraðsdómari er forseti ungmennadóms.
7. Við 14. gr. Síðari másl. fyrri mgr. orðist svo: Ef svipta á forráðamenn barns umráðarétti yfir því, þurfa hið fæsta 2 nefndarmenn í 3 manna nefnd, 4 í 5 manna nefnd og 5 í 7 manna nefnd að gjalda ráðstöfuninni jákvæði.
8. Við 19. gr. Úr síðari másl. fyrri málsgr. falli niður orðin „þeirra“ og „sem á vegi þeirra verða“.
9. Við 20. gr. 3. mgr. falli brott.
10. Við 25. gr.
  - a. Síðari másl. fyrri málsgr. orðist svo: Ef barn líður skort vegna örþingdar, skal barnaverndarnefnd þegar í stað gera nauðsynlegar ráðstafanir til bráðaþingdar, og greiðist kostnaður úr bæjar-(sveitar-)sjóði.
  - b. Síðari mgr. orðist svo:

Ekki má taka barn af heimili eingöngu vegna örþingdar foreldra eða forráðamanna.

11. Við 29. gr. Niðurlag 2. mgr. orðist svo: ungmenni, sem ætla má, að stafi hætta af sambúð við það.
12. Við 33. gr. Greinin falli burt. Greinatala breytist í samræmi við það.
13. Við 34. gr. Greinin orðist svo:  
Áður en ættleiðingarleyfi er veitt, skal ráðherra leita umsagnar barnaverndarnefndar.
14. Við 35. gr. Greinin orðist svo:  
Rétt er barnaverndarnefnd að halda skrá um þau börn og ungmenni, sem sérstök ástæða er til að fylgjast með högum þeirra vegna umkomuleysis eða annmarka.
15. Við 39. gr. Síðasti málsli. fyrri málsgr. falli burt.
16. Við 41. gr.
  - a. Á eftir orðunum „fullnaðarprófi barnafræðslu“ í 2. másl. 1. mgr. bætist: eða hurtfararprófi.
  - b. Síðasti másl. sömu mgr. falli burt.
  - c. Aftan við 3. mgr. bætist: ef miklar sakir eru.
17. Við 43. gr.
  - a. Á eftir orðunum „samkomustaði barna“ í 1. mgr. komi: banna sölu sælgætis á veitingastöðum, sem börnum telst óhollt að sækja.
  - b. 2. mgr. orðist svo:  
Rétt er í reglugerð að banna leikföng, sem hættuleg eru börnum að dómi barnaverndarnefndar.
18. Við 45. gr. Síðasti másl. 2. mgr. orðist svo: Kvikmyndahús greiðir eftirlitsmanni eða varaftirlitsmanni (barnaverndarnefndarmanni, sbr. 1. mgr.) þóknun þá, er ráðherra ákveður fyrir hverja mynd.
19. Við 47. gr. Í stað „21“ í 3. mgr. komi: 18.
20. Við 49. gr.
  - a. Í stað „21“ í fyrri másl. komi: 18.
  - b. Við greinina bætist: ef miklar sakir eru.
  - c. Við greinina bætist ný málsgr., svo hljóðandi:  
Það varðar sektum, varðhaldi eða fangelsi, ef maður verður þess vis, að verknaður sá, er í þessari grein getur, kemur niður á barni eða ungmenni innan 16 ára aldurs, og lætur ógert að afstýra því, ef honum er bannað eða gera hlutaðeigandi löggæzlumanni eða barnaverndarnefnd viðvart.
21. Við 50. gr. Í stað „21“ í fyrri másl. komi: 18.
22. Við 51. gr. 2. mgr. orðist svo:  
Vanræksla í þessu efni varðar sektum, varðhaldi eða fangelsi allt að tveim árum. Refsimál skal því aðeins höfða, að barnaverndarnefnd sú, er hlut á að máli, eða barnaverndarráð krefjist þess.
23. Við 58. gr. Við 1. másl. fyrri málsgr. bætist: og beint eftirlit með hælum þeim og uppeldisstofnunum, sem ætluð eru til viðtöku börnum og unglíngum hvaðanæva af landinu.
24. Við 59. gr. Greinin orðist svo:  
Barnaverndarráð getur skipað barnahæli eða uppeldisstofnun sérstakan heimilislækni og greiðir honum þóknun. Barnaverndarráð getur krafist hann skýrslna og læknisumsagnar um atriði þau, er um getur í 58. gr.
25. Við 60. gr.
  - a. Orðið „ekki“ í 2. másl. falli burt.
  - b. 3. másl. falli burt.

26. Við 61. gr. Fyrir „almennra lögreglumála“ í 2. málsl. 1. mgr. komi: opinberra mála.
27. Við 63. gr. 4. mgr. falli burt.
28. Við 65. gr. Fyrir „sakamála . . . lögreglumála“ komi: opinberra mála.
29. Við 66. gr. Á eftir „um breyting á þeim lögum“, komi: lög nr. 62 4. júlí 1942, um eftirlit með ungmennum o. fl.

Alþingi, 13. marz 1943.

Garðar Þorsteinsson,  
form.

Stefán Jóh. Stefánsson,  
fundaskr.

Gunnar Thoroddsen,  
frsm.

Áki Jakobsson.

Jörundur Brynjólfsson.